

Þar sem nú þegar eru tekin af bíleigendum sértæk gjöld upp á rúma 42 milljarða (kolefnisgjald ómeðtalið) árið 2016 á sama tíma og framlög til vegagerðar úr ríkissjóð voru 25 milljarðar þá er sýnt að veggjöld eru engin trygging fyrir því að aukið fjármagn sé sett í þennan málaflokk til lengri tíma litið heldur verði bifreiðaeigendur enn eina ferðina hafðir að féþúfu. Ríkið ætti að sjá sóma sinn í að nota þá fjármuni sem eru sérstaklega teknir af bifreiðaeigendum til uppbyggingar vegakerfisins í stað þess að láta bifreiðaeigendur niðurgreiða aðra þætti ríkisrekstursins eins og nú er gert.

Ef menn vilja færa rekstur vegakerfisins yfir í vegtolla þá eru til góð rök fyrir því en slíkri gjaldtöku ætti þá að fylgja samsvarandi lækkun á sértækum bifreiða og bensíngjöldum. Bifreiðaeigendur eru fólk en ekki féþúfur.

Virðingarfyllst.

--

Guðbjartur Nilsson

Executive Officer/Purchase Manager

Kísildalur ehf.

www.kisildalur.is

Síðumúla 15

108 Reykjavík

Iceland